



Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar

(Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur stórra spennistöðva þar sem spennar innihalda yfir 2000 lítra af spennanolíu. Um aðrar spennistöðvar gilda almenn varúðarsjónarmið.
- 1.2 Skilyrði þessi mynda grunn að starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd setur frekari kröfur í starfsleyfið ef aðstæður krefja.
- 1.3 Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykka notkun fasteigna.
- 1.4 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Rekstraraðili hefur eigið eftirlit með starfsemi spennistöðva, þar sem kemur m.a.
 - Fjöldi rafspenna, tegund og magn einangrunarolíu og rýrnun.
 - Fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ósóneyðandi efna og rýrnun.
 - Atvik er varða mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
 - Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
 - Magn olúsora og sands í olúskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.Heilbrigðiseftirlitið skal hafa aðgang að ofangreindum skráningum.

2. Mengunarvarnir

- 2.1 Spennar skulu vera þannig frágengnar að ekki sé hætt á mengun jarðvegs, grunnvatns eða yfirborðsvatns.
- 2.2 Spennar sem standa utandyra skulu staðsettir í olúheldri þró sem tekur að minnsta kosti við rúmmáli þess spennis sem er með mesta olíu. Allar tengingar við spenna skulu lagðar yfir ystu þróarveggi og skal svæðið afgirt traustri girðingu.
- 2.3 Spennar sem eru innanhúss skulu vera í rými þar sem olíumengun getur ekki borist í fráveitu.
- 2.4 Ef vatn í spennapró inniheldur yfir 15 hlutum í milljón (ppm) af olíu getur það valdið mengun. Heilbrigðisnefnd gefur nánari fyrirmæli í starfsleyfi um hvernig standa skal að tæmingu spennapróa.
- 2.5 Þegar þörf er á viðgerð aflspennis skal taka sýni af spennanolíu til greiningar á PCB og umhverfisskaðlegum staðgengilsefnum þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar 323/1998, sé innihald olíunnar ekki þekkt eða ef ekki liggur fyrir eldri greining á spennanolíunni.
- 2.6 Tilkynna skal til eftirlitsaðila ef spennanolíu hefur borist út í umhverfið og skal þar koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð. Tilkynningin skal berast eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast.
- 2.7 Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni leka niður. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.



- 2.8 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er rekstraraðili abyrgur fyrir því að hann sem meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins nr. 8 frá 1998 um *Meðferð á olíumenguðum jarðvegi*.
- 2.9 Flutningsaðili 1000 lítra af spennaolíu, eða meira, og flutningsaðilar sem flytja spennaolíu eða búnað sem inniheldur PCB eða umhverfisskaðleg staðgengilsefni þeirra skulu hafa réttindi til að flytja hættulegan farm.
- 2.10 Leggist starfsemin niður skulu olíutankar og annar búnaður fjarlægðir í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og spilliefnum komið í viðurkennda förgun. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.